



Skorradalshreppur

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstæti 8-10
150 Reykjavík

1510004 SÓÁ

Umsögn Skorradalshrepps um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, 133. mál.

Mál nefnda Alþingis nr. 133

Skorradalshreppur fagnar framlögðu frumvarpi þar sem það mun draga úr neikvæðum áhrifum af aukinni umferð ferðamanna á viðkvæmum stöðum í íslenskrí náttúru.

Í 9. gr. frumvarpsins segir að ferðamannaleiðir, ferðamannastaðir og ferðamannasvæði sem njóta greiðsluþátttöku úr ríkissjóði af því að þau eru í landsáætlun skuli vera opin gjaldfrjálsri umferð almennings eftir því sem nánara er kveðið á um í lögum og reglugerðum. Landeiganda er þó heimilt að taka gjald fyrir veitta þjónustu. Skorradalshreppur vill koma á framfæri að tryggt verði að einnig verði heimild fyrir umsjónaraðila ferðamannastaða að taka gjald fyrir veitta þjónustu.

Skorradalshreppur leggur áherslu á að stefnumarkandi áætlanir um land í einkaeigu verði ekki lagðar fram nema með samþykki landeiganda. Enn fremur er mikilvægt að haft sé fullt samráð við landeigendur við gerð landsáætlunar.

Hvanneyri 14. október 2015
Virðingarfyllst

Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir,
skipulagsfulltrúi